— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* kirkju í Stykkishólmi. — Samkvæmt allrapegnlegustum tillögum ráðgjafans, frambornum að fengnu þóknanlegu brjefi yðar herra landshöfðingi, dagsettu 20. október f. á., hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknazt að fallast á, að reist sje kirkja í Stykkishólmi, að undir eins og hin nýja kirkja í Stykkishólmi er komin upp, sje Helgafellssókn í Snæfellsnessýslu í vesturumdœmi Íslands skipt í tvær kirkjusóknir, þannig, að til kirkjunnar í Stykkishólmi leggist allur verzlunarstaðurinn Stykkishólmur ásamt Grunnasundsnesi, Ási, Viðvík, Búðarnesi og Hjallatanga, Ögri, Skoreyjum, Bíldsey, Fagurey, Elliðaey, Sellóni, Saurlátri, Þormóðsey og Höskuldsey, og enn fremur þessar eyjar, sem nú eru óbyggðar: Kiðey, Melrakkaey og Vaðstakksey, og að venjuleg kirkjugjöld frá þessum býlum falli til kirkjunnar í Stykkishólmi, en hinn hluti Helgafellssóknar, sem nú er, skuli eptirleiðis eiga kirkjusókn að Helgafelli og vera sókn út af fyrir sig, og að sóknarpresti Helgafells- og Bjarnarhafnarsafnaða sje gjört að skyldu að embætta þriðja hvern helgan dag í Stykkishólmi. **36** 10. jan.

Þetta er eigi látið undan falla að tjá yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* lán handa prestakalli. — Út af bónarbrjefi frá sóknarprestinum að Prestsbakka í Strandasýslu, sira Brandi Tómassyni, um, að brauðinu yrði veitt 1200 króna lán úr viðlagasjóði til ýmsra jarðabóta á prestssetrinu, er búið sje að byrja á, og einkum til að auka þar œðarvarp, með þeim kjörum, að greiddir sjeu 4 af hundraði í vöxtu á ári, og lánið borgað þannig, að 1/20 þess eða 60 kr. lúkist á ári, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 20. nóvbr. f. á. lagt það til, að bœn þessi verði veitt, þannig, að yður verði fengið umboð til að veita Prestsbakkabrauði allt að 1200 kr. láni úr viðlagasjóði, þegar búið sje að halda skoðunargjörð á jarðabótum þeim, sem búið er að vinna, og fengin áætlun um það, sem eptir er óunnið, með þeim kjörum, að greiddir sje 4 af hundraði í vöxtu og lánið borgað aptur með 1/12 eða 100 kr. á ári. **37** 29. jan.

Út af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að beiðni þessi veitist eptir atvikum, með þeim kjörum, er þjer hafið tiltekið, herra landshöfðingi, og er vonazt eptir þóknanlegri skýrslu frá yður á sínum tíma um, hvað mikið lánið verður.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* að hin sjerstaklega lögreglustjórn í fjárkláðamálinu skuli lögð niður. — Með því að það sjest á skýrslu yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 4. desbr. f. á., að heilbrigðisástand sauðfjenaðarins í suðuramtinu hefir þá verið svo gott, að þjer hafið eigi hikað við, að veita Jóni ritara Jónssyni orlof til að vera erlendis í vetur, og að fela hlutaðeigandi sýslumönnum á hendur, að hafa nauðsynlegt eptirlit með fjenu, verður ráðgjafinn að álíta rjettast, hafi engin veruleg breyting á orðið í vetur, að láta nú hið sjerstaklega eptirlit, er samkvæmt erindisbrjefi frá konungi, dags. 26. septbr. 1876, hefir verið falið nefndum Jóni ritara Jónssyni, hætta algjörlega, þannig, að hlutað- **38** 26. febr.

Hinn 27. marz 1878.

Reykjavík 1878. Einar Þórðarson.